

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-48/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 10. júní 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar á kaupunum ásamt endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. júní 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi óskaði eftir viðbótarfresti til að skila andsvörum sem var samþykktur til 12. júlí og bárust andsvör seljanda þann dag. Hinn 9. ágúst 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 10. ágúst 2016. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda þann 31. ágúst 2016 og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi óskaði eftir fresti til 19. september til að skila inn andsvörum og var fresturinn samþykktur. Andsvör seljanda bárust þann dag. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 1. júlí 2014 af seljanda en kaupverðið var 3.290.000 krónur. Bifreiðin er ferðabifreið af gerðinni Fiat Clipper 20, árgerð 2004 og hafði verið ekin 52.000 km. á kaupdegi. Daginn eftir kaupin fór bifreiðin í viðgerð hjá seljanda þar sem gert var við tímareim, vatnsdælu, kertaljós, öskubakka, uppþvottabursta o.fl., samkvæmt meðfylgjandi reikningi dags. 4. júlí 2014. Álitsbeiðandi fór eftir viðgerðina í fyrstu húsbílaferð sína á bifreiðinni þann 9. júlí og hætti hraðamælir bifreiðarinnar að virka í þeirri ferð. Hafði álitsbeiðandi samband við seljanda um leið og upplýsti hann um bilunina. Seljandi taldi að um skynjara í hraðamæli væri að ræða sem seljandi hugðist gera við. Síðar í ferðinni kom einnig í ljós að ísskápur virkaði ekki á gasi og að raki væri undir borði í bifreiðinni. Þessi atriði ætlaði seljandi að sögn álitsbeiðanda einnig að athuga þegar bifreiðin færi í viðgerð vegna skynjara í hraðamæli.

Álitsbeiðandi kveðst hafa beðið eftir viðgerðinni fram á haust, en þar sem skynjarinn var ekki kominn til seljanda í september fór bifreiðin í vetrargeymslu á stað þar sem var 10 stiga hiti og góð loftræsting. Bifreiðin fór svo loks í viðgerð hjá seljanda þann 5. maí 2015, en þar kom í ljós að mikill raki væri í gólfi bifreiðarinnar á mörgum stöðum en ísskápurinn var talinn í lagi. Álitsbeiðandi segir að ísskápurinn hafi ekki verið í lagi enda hafi kviknað í leiðslum hans tveimur mánuðum síðar, í ferð sem farin var í júlí 2015. Í þeirri ferð hrundi einnig miðstöð bifreiðarinnar, sem að sögn álitsbeiðanda var léleg frá upphafi, og festi álitsbeiðandi kaup á nýrri miðstöð. Eftir kaupin kom einnig í ljós að aðeins var startgeymir í bifreiðinni en seljandi hafði að sögn álitsbeiðanda lýst því yfir við kaupin að nýlegur geymir

væri í bifreiðinni. Síðar fór bifreiðin í skoðun hjá fyrirtækinu Bílaskjól ehf. í október 2015. Var niðurstaða þeirrar skoðunar sú að kostnaður fyrir viðgerð, vegna vatnsskemmda í bifreiðinni sem leiddu til fúa í gólfi og hliðum yfirbyggingar, verði aldrei undir 3.000.000 krónur. Þá var að sögn álitsbeiðanda talið að rakaskemmdirnar væru gamlar og hafi verið til staðar við kaupin. Álitsbeiðandi telur ljóst að ef bifreiðin hefði komist í viðgerðina árið áður hefði kaupunum verið rift.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hafði samband við seljanda þann 4. ágúst 2015 í því skyni að reyna að koma á sátt í málinu vegna galla á hraðamæli og ísskáp bifreiðarinnar, auk verulegra rakaskemmda, en sátt náðist ekki. Þá óskaði álitsbeiðandi eftir riftun á kaupunum þann 11. desember 2015. Seljandi hafnaði þeirri kröfu og leitaði álitsbeiðandi til lögmanns og krefst nú riftunar á kaupunum fyrir kæruneftndinni ásamt endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Útlagður kostnaður er samkvæmt álitsbeiðanda eftirfarandi:

Viðgerð hjá seljanda – 107.236 krónur
Kaup á sólar sellu – 47.549 krónur
Kaup á rafgeymi – 11.000 krónur
Kaup á miðstöð – 128.270 krónur
Lögmannskostnaður – 304.668 krónur

Álitsbeiðandi krefst riftunar samkvæmt 32. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup þar sem bifreiðin er haldin galla, sbr. 17. gr. laganna. Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi boðist til að gera við bifreiðina vegna rakaskemmda og borga um helming kostnaðar á móti álitsbeiðanda en álitsbeiðandi telur kostnaðinn of háan, enda sé hann um helmingur af kaupverði bifreiðarinnar. Skaðabótakrafa álitsbeiðanda er samtals að fjárhæð 599.173 krónur.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að sú viðgerð sem fór fram fljótlega eftir kaupin þann 2. – 3. júlí 2014, þar sem skipt var um tímareim og lagaðar læsingar á salernis- og geymslulúgu, hafi verið smávægileg og álitsbeiðandi hafi vitað af henni áður en kaupin fóru fram. Þá var álitsbeiðanda afhent bifreiðin strax eftir að viðgerð lauk og þar álitsbeiðandi alfarið ábyrgð á geymslu bifreiðarinnar frá þeim tíma. Um tíu mánuðum síðar kom bifreiðin aftur inn á verkstæði seljanda til að gera við hraðamæladrif og í þeirri viðgerð var kælisrápur einnig lagaður, án þess að álitsbeiðandi bæri nokkurn kostnað af því. Þá var bifreiðin einnig rakamæld og niðurstöður kynntar álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi gerði enga athugasemd við miðstöð bifreiðarinnar á þeim tíma samkvæmt seljanda og því liggur ekki fyrir hvort miðstöð hafi verið ónýtt við afhendingu.

Seljandi telur ósannað með öllu að þeir annmarkar sem álitsbeiðandi segir vera á bifreiðinni hafi verið til staðar þegar álitsbeiðanda var afhent bifreiðin í byrjun júlí 2014. Þá liggja ekkert fyrir í málinu sem útilokar að rakaskemmdir hafi orðið á bifreiðinni í geymslu á vegum álitsbeiðanda. Seljandi hafnar því einnig að hafa vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina eða not hennar enda hafi hann aðeins átt hana í 13 daga áður en álitsbeiðandi festi kaup á henni. Ef svo ólíklega vill til að meintur galli hafi verið til staðar við kaupin segir seljandi ekki nokkra leið fyrir hann að hafa vitað um gallann. Þá er bent á að álitsbeiðandi hafi ekki farið með bifreiðina í ástandsskoðun fyrir kaupin.

Seljandi tekur fram að hann hafi í öllum samskiptum við álitsbeiðanda leitast við að vera í samstarfi og finna farsæla lausn á málinu, t.a.m. með því að leggja til, að því gefnu að álitsbeiðandi geti sannað meintan galla, að aðilar beindu kröfu sameiginlega að fyrri eiganda. Ekkert hafi hins vegar heyrst frá álitsbeiðanda fyrr en málið var komið fyrir kæruneftndina.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda vegna andsvara seljanda lýsir álitsbeiðandi furðu yfir að seljandi hafi ekki minnst á það í andsvörum sínum að álitsbeiðandi hafi kvartað strax þremur dögum eftir kaupin um að hraðamælir og ísskápur virki ekki, auk þess að myglulykt sé í bifreiðinni. Þá komi hvergi fram að álitsbeiðandi hafi beðið eftir að seljandi taki bifreiðina til viðgerðar þar til í maí árið eftir þar sem hraðamæladrif var ekki enn komið í október 2014 og aðilar hafi sammælt um að bifreiðin færi í geymslu þar til næsta vor. Tekur álitsbeiðandi fram að bifreiðinni hefði verið skilað ef hún hefði komist að í viðgerð árið 2014.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum seljanda áréttar hann að það hafi verið undir álitsbeiðanda komið að koma með bifreiðina í viðgerð þar til hraðamæladrif væri komið, en álitsbeiðandi hafi ákveðið að setja bifreiðina í geymslu og bíða með skoðun þar til vorið 2015. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi farið í ferð um landið á bifreiðinni bæði sumarið 2014 og 2015, m.a. vestur á firði, þar sem vegir eru misjafnir og ýmislegt getur komið fyrir. Seljandi hafnar því alfarið að það hafi nokkuð með hann að gera að miðstöðin hafi gefið sig í þeirri ferð. Þá fullyrðir seljandi að kælir bifreiðarinnar hafi verið í lagi og virkað er álitsbeiðandi sótti bifreiðina úr viðgerð í maí 2015.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi ferðabifreiðina PA-223 þann 1. júlí 2014 af seljanda fyrir 3.290.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2004 og var því 10 ára og hafði verið ekin 52.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 1. júlí 2014, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álítur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að

réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærnefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi veitt álitsbeiðanda upplýsingar um þá annmarka sem hann vissi af fyrir kaupin og gerði seljandi við þá annmarka, á kostnað álitsbeiðanda, áður en afhending bifreiðarinnar fór fram. Ekki liggur fyrir að seljandi hafi haft vitneskju um nokkra aðra annmarka þegar kaupin fóru fram, enda hafði hann aðeins átt bifreiðina í 13 daga fyrir kaupin. Þá telur nefndin ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi veitt sér rangar upplýsingar um að nýr geymir hafi verið í bifreiðinni, þar sem aðeins var um startgeymi að ræða en ekki sérstakan húsgeymi. Ekki verður litið svo á að um ranga upplýsingagjöf hafi verið að ræða af hálfu seljanda þar sem gögn málsins sýna aðeins fram á að seljandi hafi talað um „geymi“ en ekki sérstaka tegund af geymi. Þá eru ekki færð frekari rök fyrir þeirri fullyrðingu álitsbeiðanda sem leiðir til þess að ekki er fært að líta svo á að upplýsingagjöf seljanda hafi verið röng.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Fallist er á það með álitsbeiðanda að hraðamælir bifreiðarinnar hafi verið haldinn galla við kaupin, enda hætti hann að virka aðeins sjö dögum eftir afhendingu bifreiðarinnar og var því í verra ástandi en álitsbeiðandi mátti ætla. Seljandi hefur hins vegar bætt úr þeim galla og verður því ekki vikið nánar að því í áliti nefndarinnar. Álitsbeiðandi telur ísskáp bifreiðarinnar einnig haldinn galla en seljandi tekur fram að hann hafi gert við ísskápinn á eigin kostnað í maí 2015 og hann hafi verið í góðu lagi. Þrátt fyrir það kom upp eldur í leiðslum ísskápsins aðeins um tveimur mánuðum síðar sem getur bent til þess að hann hafi ekki verið í lagi. Í málinu hafa hins vegar ekki verið lögð fram nein gögn sem staðfesta eldsvoðann, upptök hans eða almennt um að ísskápurinn hafi verið haldinn annmarka. Nefndinni er því ekki fært að komast að efnislegri niðurstöðu hvort um galla sé að ræða í skilningi nkpl. Þá er ekki unnt að fallast á með álitsbeiðanda að miðstöð bifreiðarinnar hafi verið haldin galla við kaupin, enda fór bifreiðin í viðgerð til seljanda vegna tiltekinnar annmarka sem álitsbeiðandi fann á bifreiðinni rúmum 10 mánuðum eftir kaupin, í maí 2015, án þess að álitsbeiðandi hafi nefnt að miðstöðin væri kraftlítil eða haldin galla. Álitsbeiðandi segir að miðstöðin hafi ávallt verið kraftlítil en svo hafi hún bilað tveimur mánuðum eftir viðgerðina, um einu ári eftir kaupin. Af því sem fyrir liggur í málinu verður ekki séð að miðstöðin hafi verið haldin galla við kaupin, enda hafa ekki verið færð nánari rök fyrir þeirri fullyrðingu.

Í málinu liggur fyrir að bifreiðin hefur orðið fyrir verulegum rakaskemmdum en aðila greinir á um hver beri ábyrgð á þeim. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. er galli, sem kemur upp innan sex mánaða frá því tímamarki er áhætta fluttist til neytanda, talin hafa verið til staðar við áhættuskiptatímamarkið ef annað er ekki sannað. Samkvæmt ákvæðinu hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að bifreiðin hafi ekki verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda.

Rakaskemmdir í bifreiðinni voru ekki staðfestar af seljanda fyrr en um 10 mánuðum eftir kaupin vegna tafa sem urðu á viðgerð seljanda, en álitsbeiðandi kveðst hafa upplýst seljanda um myglulykt og raka undir borði bifreiðarinnar nokkrum dögum eftir afhendingu. Ekkert bendir til þess að rakaskemmdir hafi orðið er bifreiðin var í geymslu á vegum álitsbeiðanda eða að hann hafi valdið slíkum skemmdum við notkun bifreiðarinnar í júlí og ágúst 2014. Kærunefndin telur því að rakaskemmdirnar hafi verið til staðar er álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni enda hefur seljandi ekki náð að sýna fram á annað. Hins vegar geta rakaskemmdirnar hafa aukist að umfangi eftir að álitsbeiðandi fékk umráð bifreiðarinnar, en ekki er hægt að fullyrða um það.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. nkpl. getur neytandi ekki borið það sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um er kaup áttu sér stað, en af lýsingu rakaskemmdanna má ráða að þær séu að einhverju leyti sjáanlegar við skoðun. Ekki liggur fyrir að álitsbeiðandi hafi vitað af rakaskemmdunum við kaupin, en ef hann hefði skoðað bifreiðina jafn vel og krefjast má af honum sem kaupanda, má ætla að hann hefði orðið var við skemmdirnar, að minnsta kosti að einhverju leyti.

Fyrir liggur að skemmdirnar eru verulegar. Að mati A, þarf að skipta um gólfplötu í bifreiðinni og líklegast hægri hlið líka. Viðgerð þarf að fara fram á vinstri hlið og afturenda bifreiðarinnar en óljóst er hvað er að gerast að aftan og ofan við bílstjórahurð. Þá þarf að gera við gólf og hliðar í svefnrými. Of margt er óljóst að mati fyrirtækisins til að hægt sé að gera fast verðtilboð vegna úrbóta en þó mun kostnaður ekki vera lægri en 3.000.000 krónur, sem svarar tæplega til kaupverðs bifreiðarinnar.

Í ljósi allra atvika málsins er unnt að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin vegna mikilla rakaskemmda, enda hafi bifreiðin verið í verra ástandi en álitsbeiðandi mátti ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl. Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum vegna gallans samkvæmt 32. gr. nkpl. Líkt og áður segir er lítið svo á í málinu að rakaskemmdir hafi verið á bifreiðinni er álitsbeiðandi festi kaup á henni og má ætla að álitsbeiðandi hafi mátt verða var við skemmdirnar. Telur nefndin sér því ekki fært að fallast á kröfu um riftun kaupanna.

Álitsbeiðandi hefur ekki gert aðrar kröfur í málinu en um riftun og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar í kjölfar riftunar. Hins vegar liggur fyrir að seljandi hefur boðist til að greiða um helming viðgerðarkostnaðar vegna rakaskemmdanna. Þrátt fyrir að álitsbeiðanda hafi láðst að gera aðrar kröfur í málinu telur kærunefndin að henni beri að taka afstöðu til tilboðs seljanda, í ljósi þess hvernig atvikum málsins er háttað. Áður var rakið að bifreiðin er haldin galla vegna umræddra rakaskemmda samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl., en vegna vanrækslu álitsbeiðanda á skoðunarskyldu er ekki unnt að fallast á riftun kaupanna. Kostnaður við úrbætur er verulegur og lítur nefndin svo á að sá kostnaður eigi einnig að falla á seljanda óháð því hvort hann vissi af gallanum. Gallinn var til staðar við kaupin og að sögn álitsbeiðanda upplýsti hún seljanda um raka innan við viku eftir afhendingu bifreiðarinnar. Eðlilegt væri að seljandi bæri helming af kostnaði við úrbætur á bifreiðinni en álitsbeiðandi helming vegna vanrækslu á skoðunarskyldu.

Þá vill nefndin taka fram að álitsbeiðandi getur beint kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar en seljandi kann aftur á móti að eiga kröfu á hendur þeim sem hann keypti bifreiðina af. Kærunefndin tekur þó ekki afstöðu til þess enda er sá seljandi ekki aðili að máli þessu.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VIII

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, um riftun kaupa á bifreiðinni XX-000, er hafnað.

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda helming þess kostnaðar sem verður við viðgerð á bifreiðinni XX-000, vegna rakaskemmda.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson